

## Samstarfsnefnd um friðlandið Látrabjarg

Fyrsti fundur samstarfsnefndar 4. júní 2021. Fundur hófst kl. 15:30

Fundarstaður: Skor þekkingarsetur, Patreksfirði.

Fundinn sátu Aðalheiður Pálmadóttir og Jón Pétursson f.h. landeigenda á Látrabjargi, Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar og Geir Gestsson f.h. Vesturbyggðar.

Þetta gerðist:

### 1. Hlutverk samstarfsnefndar

Farið var yfir hlutverk nefndarinnar skv. friðlýsingarskilmálum Látrabjargs og það fjármagn sem úthlutað hefur verið til svæðisins úr innviðaáætlun.

### 2. Salernishús á Brunnum

Nefndin var upplýst um stöðu smíðavinnu við nýtt salernishússins á Brunnum og hvenær hægt yrði að taka það í notkun.

### 3. Skilti á Látrabjargi

Nefndin fjallaði um nýtingu styrks til skilta á Látrabjargi. Hugmyndir komu fram um skilti við bílastæðið á Bjargtöngum þar sem helstu umgengnisreglur eru tíundaðar sem og skilti á sama stað sem sýnir gönguleiðir og fjarlægðir á loftmynd. Enn fremur sex einföld fuglaskilti á bjargbrún á svæðinu frá vita að Stefni þar sem nánar er upplýst um þær sex tegundir sem algengastar eru á svæðinu: lunda, ritu, álku, fýl, langvía og stuttnefju. Hugsanlega væri hægt að setja QR kóða á skiltin þar sem hægt væri að fræðast meira og jafnvel hlusta á upptöku af hljóðum tegundarinnar.

### 4. Bílastæði á Bjargtöngum

Farið var yfir gildandi deiliskipulagsuppdrátt af svæðinu á Bjargtöngum og fjallað um fjármagn sem úthlutað hefur verið úr innviðaáætlun til bílastæðis. Enn fremur metnir kostir og gallar við það að beina gestum á nýja gönguleið til að dreifa álagi vegna þeirra með tilkomu þægilegrar hringleiðar skv. fyrrnefndum uppdrætti. Áætlað framkvæmdaár er 2022.

### 5. Stjórnunar- og verndaráætlun

Fjallað um tilgang og efni stjórnunar- og verndaráætlana auk þess sem rætt var um vinnuferli við gerð þeirra. Nefndin upplýst um það að ráðgert er að hefja vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Látrabjarg á seinni hluta ársins 2021.

### 6. Önnur mál

Rætt var um rekstrarkostnað og þarfir svæðisins í framtíðinni varðandi landvörslu, sjónauka, gönguleiðir o.fl.

Framkvæmdir sumarsins voru kynntar en þær eru auk uppsetningar á salerni við Brunna og skiltahönnun: viðhald og uppbygging göngustígs neðan Smáhamra. Einnig er ráðgert að setja upp gönguteljara en fyrir eru talningar á bílaumferð.

Rætt var um mastur á Bjargtöngum en það er illa farið og ekki í notkun. Neyðarlínan hefur ekki veitt Umhverfisstofnun svör um framtíð mastursins.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 11:00